

UMSK

Þinggerð 2003

79. ársþing UMSK



Þinggerð 79. ársþings UMSK

Haldið í Harðarbóli, Mosfellsbæ

13. febrúar 2003

Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, bauð fólk velkomið til þingsins. Í ávarpi sínu kom Valdimar viða við og minntist sérstaklega á þau verkefni sem sambandið gekkst fyrir á s.l. starfsári í tilefni 80 ára afmælis sambandsins. Hann minntist á það blómlega starf sem unnið er innan aðildarfélaganna og rakti helstu afrek sem unnin voru á íþróttasviðinu innan þeirra. Hann ræddi um næsta landsmót UMFÍ og þau vonbrigði s em hlutust af því að fá mótið í Kópavoginn og varpaði í því sambandi fram þeim spurningu hvort nokkur tilgangur væri í því að sækja um mótið þar á eftir. Þá kom hann inn á fundi og þing heildarsamtaka, en á árinu var haldið 66. íþróttapíng og 33. sambandsráðsfundur UMFÍ. Valdimar greindi frá hinni miklu aukningu á lottótekjum sem varð á árinu og vakti menn til umhugsunar hvort ekki væri rétt að þrísta á UMFÍ að leggja meira fé í grásrótina í stað þess að búa endalaust til ný verkefni á skrifstofu sinni. Því næst gerði hann skipulagsmálin að umtalsefni og sagði að það væri skiljanlegt að menn ræddu þau mál, sérstaklega í ljósi þess að skipting á sameiginlegum sjóðum hreyfingarinnar hefur ekki verið réttlát. Að lokum þakkaði hann forsvarsmónum aðildarfélaga, stjórmarmönnum og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf og lýsti 79. ársþing UMSK sett.

Gestir þingsins að þessu sinni voru Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Björn B. Jónsson formaður UMFÍ og Líney Rut Halldórsdóttir íþróttafulltrúi ríkisins.

Koning fyrsta og annars þingforseta

Valdimar bar upp tillögu um þingforseta þá Martein Magnússon Herði og Pál Aðalsteinsson Aftureldingu.

Tillagan samþykkt með lófataki

Kosning þingritara

Marteinn Magnússon fyrsti þingforseti, tók við fundarstjórm og gerði tillögu að þingriturum Einari Ragnarssyni og Þórhiði Þórhallsdóttur, sem var samþykkt samhljóða. Þingforseti bauð að því loknu fyrir hönd Harðar fólk velkomið í Harðarból og gekk síðan úr skugga um lögmaði þingsins sem reyndist vera löglegt.

Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um fólk í kjörbréfanefnd, þau Steina Þorvaldsson, Önnu Þóru Stefánsdóttur og Sigurð Jón Ragnarsson.

Samþykkt með lófataki

Skýrsla stjórnar lögð fram

Þá var komið að formanni, Valdimar Leó, að fara yfir skýrslu stjórnar sem lá fyrir prentuð hjá þingfulltrúum. Valdimar fór yfir helstu atriði skýrslunnar.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Ari Hilmarsson gerði grein fyrir reikningum sambandsins í veikindaforföllum Alberts H. N. Valdimarssonar gjaldkera. Helstu niðurstöðutölur reikninga eru sem hér segir; tekjur 30.802.670 kr. gjöld, 30.991.045 kr., vaxtatekjur 201.866 kr., rekstarniðurstaða jákvæð um 13.491 kr. Að öðru leiti vísast í framlagða reikninga sem prentaðir höfðu verið í framlagðri skýrslu stjórnar.

Ávörp gesta

Þá var komið að ávörpum gesta og fyrstur tók til málს Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Hann flutti kveðju frá framkvæmdastjórm ÍSÍ. Stefán þakkaði fyrir gott samstarf og hældi UMSK fyrir gróskumikið starf, þá lagði hann áherslu á að ÍSÍ sé ekki einungis fyrir afreksfólk, þar rúmist almenningsíþróttir innandyra ekki síður en í grasrotinni. Hann fór nokkrum orðum um þá auknu áherslu sem íþróttahreyfingin leggur á unglingsstarf og minnir á vímuvarnarstefnu ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar almennt. Hann ræddi um fjármál félaganna og þá ábyrgð sem forystumenn þeirra bera og hvatti stjórnarmenn til þess að sýna ábyrgð og varkámi í fjármálum. Hann lýsti yfir ánægju með útkomu Lottós og Getrauna og óskaði þess að starfið haldi áfram að dafna.

Þá tók til málს Björn Jónsson, formaður UMFÍ. Hann talaði um mikil og gjöfult starf félaga innan UMSK. Hann hvatti forvarsmeðal félaga til þess að sækja á um aukin fjárfamlög frá ríki og sveitarfélögum og hvatti einnig stjórn UMSK til að sækja um að halda Landsmót og útskýrni að nokkuð ástæður þess að Skagfirðingum var úthlutað næsta Landsmót UMFÍ. Björn lýsti yfir stuðningi við framlagða tillögu um að settar verði viðmiðunarreglur um það hvernig úthluta beri Landsmótum. Ákveðið hefur verið að næsta unglingslandsmót verði haldið á Ísafirði um verslunarmannahelgina 2003. Björn fór því næst nokkrum orðum um leiðogaskóla UMFÍ og kvaðst ánægður með hann, skólinn hefur verið vinsæll og vel sóttur. Eins hafa formannanámskeið gengið vel að hans sögn en Björn lagði áherslu á það að enginn sé fæddur formaður og því sé jafn nauðsynlegt að þjálfa fólk upp í þeim störfum sem og öðrum. Björn upplýsti að skipulagsmál UMFÍ hafi tekið mikinn tíma stjórnarmanna. UMFÍ hefur verið skipt upp í svið, það er umhverfis- menningar- og íþróttasvið, og unnið hefur verið að því að gera vinnuna sýnilegri meðal annars með samningum við DV. Sá samningur felur í sér aðgang UMFÍ að einni heilsíðu á viku um málefni hreyfingarinnar. Hann sagði því næst frá minningarsjóði um Pálma Gíslason, fyrverandi formann UMFÍ, en nú begar eru framlög örðin 4 milljónir en stefnan er að sjóðurinn hafi 15 milljónir króna í stofnframlag. Sjóðurinn mun einkum tengast umhverfismálum en þó ekki útilokað að hann komi að fleiri málefnum. Að lokum hvatti Björn forráðamenn félaganna að skipuleggja starf sitt bannig að fjölskyldan eigi sunnudagana fyrir sig, hann telur þetta mikilvægan þátt í vímuþörnum og ekki síður til að endurheimta hið hefðbundna íslenska fjölskyldumunurstur.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Þingforseti býður velkomna til þingsins Líney Rut Halldórsdóttur, nýskipaðan íþróttafulltrúa ríkisins og kallaði eftir kjörbréfum frá þeim félögum sem ekki hafa skilað þeim ennþá. Því næst opnaði hann fyrir umræðu um skýrslu og reikninga. Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir sprýr framkvæmdastjóra hver hafi fengið 25 þúsund kr. styrk vegna sýningar að Varmá. Birgir upplýsir að það hafi verið knattspymudeild Aftureldingar. Engir aðrir tóku til málს um reikninga.

Álit Kjörbréfanendar

Formaður kjörbréfanefndar Steini Þorvaldsson mælti fyrir áliti kjörbréfanefndar og las upp löglega fulltrúa, mættir voru 47 fulltrúar frá 12 félögum.

Afturelding

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir
Anna Þóra Stefánsdóttir
Valdimar Leó Friðriksson
Jóhann G. Guðjónsson
Þorsteinn Sigvaldason
Hafsteinn Pálsson
Hlynur Guðmundsson
Lárus Eiríksson

Kjöfur
Hilmar Harðarson
Haukur Hafsteinsson

Nesklúbburinn
Jón Ásgeir Eyjólfsson
Geirarður Geirarðsson
Ámi Halldórsson

Breiðablik

Kristján Jónatansson
Ester Jónsdóttir
Steini Þorvaldsson
Þórður St. Guðmundsson
Magnús Jakobsson
Einar Pétursson
Hraunar Danielsson

Stjarnan

Snorri Olsen
Jóhann Steinar Ingimundarson

UMFB

Kristján Sveinbjörnsson
Björgvin Júníusson
Ásgeir Bjarni Ásgeirsson

Gustur

Sævar Krstjánsson
Bjarnleifur Bjarnleifsson
Gróa Jónatansdóttir
Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Ýmir

Sigurður Jón Ragnarsson
Margrét Björnsdóttir
Helga Ólafsdóttir

HK

Vilborg Guðmundsdóttir
Kristinn Gunnarsson
Júlíus Stefánsson
Þorsteinn Einarsson
Elsa Hrönn Reynisdóttir
Ingibergur Magnússon
Ómar Stefánsson

Álit kjörbréfanefndar er samþykkt samhljóða.

Tennistfélag Kópavogs

Sigurður Þorsteinsson

Hvönn

Hafsteinn Örn Guðmundsson
Friðrik Björnsson
Haraldur Erlendsson

Hörður

Einar Ragnarsson
Þórhildur Þórhallsdóttir
Guðni Indriðason
Pétur Jónsson

Atkvæðagreiðsla um reikninga
Þá voru reikningar bormir undir atkvæði.

Þeir voru samþykkir samhljóða

Þinghlé

Hafsteinn Pálsson forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar bauð fulltrúa velkomna í Mosfellsbæ fyrir hönd bæjarstórnar og bauð fulltrúum til kvöldverðar í þinghléi.

Í þinghléi veitti Valdimar Leó viðurkenningar til einstaklinga innan sambandsins fyrir afrek á svíði Íþróttá- og félagsmála.

Félagsmálastkjöldur UMSK:

Jóhann G. Guðjónsson, Afturelding

Afreksbíkar UMSK:

Jón Arnar Magnússon, Breiðablik

UMFÍ-bíkarinn:

Meistarfl. karla í handknattl. Grótta

Frjálsíþróttabíkar UMSK:

Sigurbjörg Ólafsdóttir, Breiðablik

Sundbíkar:

Arnar Felix Einarsson, Breiðablik

Fimleikabíkar:

Rúnar Alexanderson, Gerpla

Dansbíkar:

Robin Sewell og Elísabet Sif Haraldsdóttir, Hvönn

Gullmerki:

Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu

Silfurmerki:

Hraunar Daníelsson, Breiðablik

Starfsmerki:

Einar Ragnarsson, Herði

Hafsteinn Örn Guðmundsson, Hvönn

Sigurður Þorsteinsson, Tennisf. Kópavogs

Lárus Eiríksson, Aftureldingu

Vilborg Guðmundssdóttir, HK

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Gusti

Gróa Jónatansdóttir, Gusti

Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Þá var gengið til dagskrár og skipað í nefndir um þau málefni sem liggja fyrir þinginu. Steini Þorvaldsson kvað sér hljóðs og lagði fram dagsskrártillögu um að þingið fjalli beint um framlagðar tillögur í stað þess að skipa málum til þingnefnda.

Það er samþykkt samhljóða

Þá var borin upp tillaga um kjömfend, Snorri Ólsen formaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Þórður Guðmundsson.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun lög fram

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 á þingskjali nr. 1 og útskýrði.

Fjárhagsáætlun 2003

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.500.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	20.000.000
Skattar aðildarfélaga	650.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	450.000
Alls	23.600.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	4.750.000
Þing og sérráð	550.000
Lottó til aðildarfélaga	15.300.000
Afreksmannasjóður	1.700.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	350.000
Afskriftir	150.000
Unglingalandsmót	350.000
Alls	23.600.000

Engar umræður urðu um fjárhagsáætlun og hún samþykkt samhljóða.

Aðrar tillögur lagðar fram

Þingskjali nr. 2

Frummælandi: Ester Jónsdóttir

79. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórmarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu. Jafnframt hvetur þingið sveitarstjórnir til að gera samstarfssamninga við félögini.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjali nr. 3

Frummælandi: Ester Jónsdóttir

79. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 40 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 10 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4

79. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5

79. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í Unglingalandsmóti UMFÍ.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

79. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leitast við að ráða einungis þjálfara til starfa sem hafa sótt námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

79. ársþing UMSK... felur stjórn UMSK að leggja fram tillögu til næsta sambandsþings UMFÍ um að árgjöld sambandsaölia verði feld niður. Jafnframt að því fé sem UMFÍ fær í styrki frá ríkisvaldinu skili sér í auknu mæli til grásrotarinnar.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

79. ársþing UMSK... skorar á stjórn UMFÍ að gefa út vinnureglur vegna umsókna og útlhlutana landsmóta sem og ungingalandsmóta. Reglur þessar verði skýrar þannig að ávallt verði haghvæmasti mótsstaðurinn fyrir valinu.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 9

79. ársþing UMSK... samþykkir að bæta eftirfarandi lið við 2. grein reglugerðar um heiðursviðurkenningar:

11. **Dansbikar UMSK**, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skarað hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 10

79. ársþing UMSK... samþykkir að sambandið leggi vinnu í sameiginlega stefnumótun fyrir aðildarfélögin. Vinna þessi miði að því að auðvelda félögunum að vinna markvisst og hljóta viðurkenninguna fyrirmynndarfélag ÍSÍ.

Enginn hvað sér hljóðs og samþykkt samhljóða

Önnur mál**Þingskjal nr. 11**

Tillaga um úttekt á hagkvæmni þess að aðildarfélög UMSK fái beina aðild að UMFÍ

79. ársþing UMSK samþykkir að fela stjórn UMSK að kanna hvort hagkvæmt er fyrir aðildarfélög UMSK að fá beina aðild að UMFÍ. Meðal annars skal þessi athugun ná til þess hvaða fjárhagslegu afleiðingar þetta hefði, hver yrði þingfulltrúafjöldi hvers félags, hvaða áhrif þetta hefði á UMSK o.s.fr. Ef í ljós kemur að bein aðild er hagkvæm fyrir aðildarfélögin skal stjórn UMSK taka upp viðræður við UMFÍ um hvernig því verður við komið að UMSK gangi út úr UMFÍ en aðildarfélögin fái beina aðild. Stjórn UMSK skal ljúka þessari vinnu eigi síðar en í lok maí n.k. og senda skýrslu um málið til aðildarfélaganna til kynningar. Ef stjórn UMSK telur nauðsynlegt skal boða til aukaþings til að fjalla um niðurstöður þessarar athugunar.

Greinargerð:

Á 42. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var 20. – 21. október 2001 í Stykkishólmi var eftirfarandi tillaga samþykkt;

Tillaga nr. 40

“ 42. sambandsþing UMFÍ haldið 20.-21. október 2001 í Stykkishólmi samþykkir að: fela stjórn UMFÍ að hefja viðræður við ÍSÍ um heildarendurskoðun á skipulagi og hlutverki íþróttar- og ungmannahreyfinganna, UMFÍ og ÍSÍ, með það að markmiði að hámarka með öllum tiltækum ráðum skilvirkni og hagkvæmni í rekstri þessa málafloks, en þó þannig að ekki sé gengið á gæði starfsins. Stjórn UMFÍ skal í þessu skyni skipa formlega nefnd forstumanna úr grasrót hreyfingarinnar sem standi að þessum viðræðum og skili tillögum til næsta sambandsþings UMFÍ. Sambandsþingið fagnar þeim áhuga sem ÍBR og ÍBH hafa sýnt með umsóknum sínum um aðild að samtökunum. Skal nefndin í störfum sínum meðal annars hafa í huga umsóknir ÍBR og ÍBH en afgreiðslu þessara umsókna er frestað þar til tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Stjórn UMFÍ er heimilt, sbr. 5. grein laga UMFÍ og sé það í samræmi við niðurstöður nefndarinnar, að samþykka innögöngu ÍBR og ÍBH í UMFÍ með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings.”

Stjórn UMFÍ skipaði sérstaka nefnd “skipulagsnefnd” til þess að vinna að þessu verkefni. Skipulagsnefndin er skipuð einum fulltrúa úr hverjum landsfjóröungi og einum fulltrúa úr stjórn UMFÍ. Skipulagsnefnd hefur í tillögum sínum lagt til að skoðað verði hvort rétt sé að breyta lögum UMFÍ á þann veg að ekki verði gefinn kostur á beinni aðild að UMFÍ. Ljóst er að þessar tillögur miða að því að koma í veg fyrir það misräemi sem felst annars vegar í aðild að UMFÍ í gegnum hérðassamband annars vegar og beinni aðild hins vegar. Hins vegar er ljóst að það er verulegur ágreiningur innan UMFÍ um þetta mál og alls óvist að bein aðild að UMFÍ verði felld niður. Í mörg ár hefur verið beðið eftir að þessi mál séu til lykta leidd en ekkert áþreifanlegt virðist vera að gerast í þessum málum. Því er nauðsynlegt að fram fari könnun á því hvaða kostir eru í þessari stöðu fyrir aðildarfélög innan UMSK. Því er þessi tillaga lögð fram um að stjórn UMSK skuli kanna alla kosti og galla á því að UMSK hætti aðild að UMFÍ en einstök aðildarfélög fái beina aðild. Stjórn UMSK hefur frjálsar hendur um það hvernig þessari vinnu verður hagað t.d. hvort stjórn annist þessa vinnu sjálf eða skipi sérstakan starfshóp til að skoða þetta mál.

Flytjendur: Afturelding, Breiðablik, HK og Stjóman

Umræður urðu um tillöguna og fyrstur tók til máls Björn Jónsson formaður UMFÍ. Hann taldi tillöguna byggða á misskilningi, þetta sé einungis gerlegt með því að UMSK sé lagt niður.

Þá tók til máls Snorri Ólsen, hann studdi tillöguna og bendir á að einungis eigi að kanna hvaða áhrif þetta hafi á aðildarfélög UMSK og sambandið. Hann tekur undir þá skoðun Bjöms að umræða byggist of oft á vanþekkingu en bendir á að henni þurfi að eyða. Ingibjörg tók næst til máls og laggði áherslu á að eins og fram komi í tillögunni geri flytjendur sér fulla grein fyrir því að ef tillagan gengur fram að fullu verði UMSK lagt niður.

Hafsteinn Pálsson tók þá til máls og skýrði frá því að lagatæknilegar flækjur verði að skoða af lögfræðingum.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 12

Frummælandi: Magnús Jakobsson

79. þing UMSK haldið í Mosfellsbæ 13. febrúar 2003 beinir því til stjómar sambandsins að nú þegar verði skipaðir ábyrgðaraðilar, nefndir eða einstaklingar til að sjá um undirbúning og þáttöku í öllum keppnisgreinum Landsmóts UMFÍ á Sauðárkróki árið 2004.

Flytjendur: Þórður Guðmundsson og Magnús Jakobsson

Enginn hvað sér hljóðs um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þá tók til mál Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK og skýrði frá útgáfu hreinteikninga félagsmerkja aðildarfélaga UMSK á tölvutæku formi og á veggspjöldum og bauð fulltrúum félaganna að nálgast eintak áður en þeir færur heim af þingi.

Næst tók til mál Ingibjörg B. Jóhannesdóttir og spurði Björn Jónsson formann UMFÍ hvað samningurinn við DV hafi kostað og jafnframt um það hvenær UMFÍ úthluti auknum tekjum af Lottói til aðildarfélaganna. Hún spurði einnig hvernig stjórn UMFÍ úthluti ríkisstyrk sem fenginn var vegna unglingslandsmóts UMFÍ.

Björn svaraði því til að samningur við DV kosti 2 milljónir en stjórn UMFÍ hafi þegar náð auglysingasamningum inn á þessa síðu þannig að í raun kosti hún UMFÍ ekki neitt. Um aukaúthlutun vegna Lottóarðs hafi fyrsta aukagreiðsla þegar farið fram og Björn vænti þess að lokið verði við aukaúthlutun við næstu greiðslu af Lottótekjum.

Þá upplýsti Björn að UMFÍ hafi fengið 10 milljónir í ríkisstyrk vegna unglingslandsmóts og sá styrkur muni alfarið renna til landsmótsins. Ekki hefur verið ákveðið hvernig þeirri upphæð verði varið en það verði gert í fullu samráði við ísfirðinga sem hafi mikinn metnað til að standa vel að þessu móti. Björn sagði frá hvatningu frá forvarmarsjóði og fleiri aðilum um að halda unglingslandsmót á hverju ári um verslunarmannahelgi.

Þá tók Ingibjörg aftur til mál og þakkaði Birni svörin sem hún segir þó ekki nágu skýr og óskaði eftir greinabetri svörum.

Björn varð aftur fyrir svörum og sagðist ekki hafa sundurgreint hvernig fjármunir munu skiptast en bendir þó á hvernig auglysingakostnaður hefur verið talinn í milljónum króna og að möguleiki sé að lækka þann lið verulega vegna samnings við DV. Hann skýði frá því að aðilar sem ekki sé hægt að nafngreina ennþá hafi sýnt áhuga á að standa við bakið á UMFÍ, meðal annara sé Ríkisútfarpið. Björn sagði að jákvæðir straumar væru í kringum UMFÍ og sóknartækifæri séu mörg fyrir hreyfinguna.

Næstur tók til mál Kristján Sveinbjörnsson. Hann þakkar gott þing en taldi sig merkja nokkra undiröldu milli UMFÍ og UMSK og hvatti forsvarsmenn samtakanna til að setjast niður og leysa ágreining ef einhver er. Kristján sagði tíma til kominn að endurskoða íþróttalögin, héraðssamböndin séu misstór og hafa þurfi hlutina eins og best komi fyrir heildina.

Valdimar hvaddi sér næst hljóðs og greindi frá því að við afhendingu starfsmerkja hafi Steinar Einarsson frá Skoffélagi Kópavogs ekki verið mættur en nú sé hann kominn í salinn og bað hann Steinar um að veita merkinu viðtöku.

Fleiri tóku ekki til mál undir þessum lið.

Kosningar

Snorri Ólsen formaður kjörnefndar skýrir álit og tillögur nefndarinnar. Engin mótfamboð bárust og voru því neðangreindir rétt kjönnir:

Formaður til eins árs:

Valdimar Leó Friðriksson

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Ester Jónsdóttir
Albert H.N. Valdimarsson

Varastjórn til eins árs:

Jónas Már Fjelsted
Svanur M. Gestsson
Margrét Björnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Gunnar P. Pálsson
Kristján Sveinbjörnsson

Skoðunarmenn reikninga til vara:

Hafsteinn Pálsson

Þingslit

Þá tók Valdimar Leó Friðriksson formaður til máls, þakkaði það traust sem honum var sýnt og þakkaði gott þing og óskar þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Þingi er slitið 21:50.

Þinggerð rituðu Einar Ragnarsson og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Tillögur samþykktar á 79. ársþingi UMSK

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2003

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.500.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	20.000.000
Skattar aðildarfélaga	650.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	450.000
Alls	23.600.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	4.750.000
Þing og sérráð	550.000
Lottó til aðildarfélaga	15.300.000
Afreksmannasjóður	1.700.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	350.000
Afskriftir	150.000
Unglingalandsmót	350.000
Alls	23.600.000

Þingskjal nr. 2

79. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórmarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu. Jafnframt hvetur þingið sveitarstjórnir til að gera samstarfssamninga við félögin.

Þingskjal nr. 3

79. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 40 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 10 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 4

79. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Þingskjal nr. 5

79. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í Unglingalandsmóti UMFÍ.

Þingskjal nr. 6

79. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leitast við að ráða einungis þjálfara til starfa sem hafa sótt námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Þingskjal nr. 7

79. ársþing UMSK... felur stjórn UMSK að leggja fram tillögu til næsta sambandsþings UMFÍ um að árgjöld sambandsaðilia verði felld niður. Jafnframt að því fé sem UMFÍ fær í styrki frá ríkisvaldinu skili sér í auknu mæli til grásrótarinnar.

Þingskjal nr. 8

79. ársþing UMSK... skorar á stjórn UMFÍ að gefa út vinnureglur vegna umsókna og útlhlutana landsmóta sem og unglingslandsmóta. Reglur þessar verði skýrar þannig að ávallt verði hagkvæmasti mótsstaðurinn fyrir valinu.

Þingskjal nr. 9

79. ársþing UMSK... samþykkir að bæta eftirfarandi lið við 2. grein reglugerðar um heiðursviðurkenningar:

11. **Dansbikar UMSK**, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skarað hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Þingskjal nr. 10

79. ársþing UMSK... samþykkir að sambandið leggi vinnu í sameiginlega stefnumótun fyrir aðildarfélögini. Vinna þessi miði að því að auðvelda félögunum að vinna markvisst og hljóta viðurkenninguna fyrmynndarfélag ÍSÍ.

Þingskjal nr. 11

Tillaga um úttekt á hagkvæmni þess að aðildarfélög UMSK fái beina aðild að UMFÍ

79. ársþing UMSK samþykkir að fela stjórn UMSK að kanna hvort hagkvæmt er fyrir aðildarfélög UMSK að fá beina aðild að UMFÍ. Meðal annars skal þessi athugun ná til þess hvaða fjárhagslegu afleiðingar þetta hefði, hver yrði þingfulltrúafjöldi hvers félags, hvaða áhrif þetta hefði á UMSK o.s.frv. Ef í ljós kemur að bein aðild er hagkvæm fyrir aðildarfélögini skal stjórn UMSK taka upp viðræður við UMFÍ um hvernig því verður við komið að UMSK gangi út úr UMFÍ en aðildarfélögini fái beina aðild. Stjórn UMSK skal ljúka þessari vinnu eigi síðar en í lok maí n.k. og senda skýrslu um málið til aðildarfélaganna til kynningar. Ef stjórn UMSK telur nauðsynlegt skal boða til aukapings til að falla um niðurstöður þessarar athugunar.

Greinargerð:

Á 42. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var 20. – 21. október 2001 í Stykkishólmi var eftirfarandi tillaga samþykkt;

Tillaga nr. 40

" 42. sambandsþing UMFÍ haldið 20.-21. október 2001 í Stykkishólmi samþykkir að: fela stjórn UMFÍ að hefja viðræður við ÍSÍ um heildarendurskoðun á skipulagi og hlutverki íþróttá- og ungmennahreyfinganna, UMFÍ og ÍSÍ, með það að markmiði að hámarka með öllum tiltækum ráðum skilvirkni og hagkvæmni í rekstri þessa málaflokks, en þó þannig að ekki sé gengið á gæði starfsins. Stjórn UMFÍ skal í þessu skyni skipa formlega nefnd forystumanna úr grásrot hreyfingarinnar sem standi að þessum viðræðum og skili tillögum til næsta sambandsþings UMFÍ. Sambandsþingið fagnar þeim áhuga sem ÍBR og ÍBH hafa sýnt með umsóknum sínum um aðild að samtökunum. Skal nefndin í störfum sínum meðal annars hafa í huga umsóknir ÍBR og ÍBH en afgreiðslu þessara umsókna er frestað þar til tillögur

nefndarinnar liggja fyrir. Stjóm UMFÍ er heimilt, sbr. 5. grein laga UMFÍ og sé það í samræmi við niðurstöður nefndarinnar, að samþykka inngöngu ÍBR og ÍBH í UMFÍ með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings. “

Stjóm UMFÍ skipaði sérstaka nefnd “skipulagsnefnd” til þess að vinna að þessu verkefni. Skipulagsnefndin er skipuð einum fulltrúa úr hverjum landsfjórðungi og einum fulltrúa úr stjóm UMFÍ. Skipulagsnefnd hefur í tillögum sínum lagt til að skoðað verði hvort rétt sé að breyta þegum UMFÍ á þann veg að ekki verið gefinn kostur á beinni aðild að UMFÍ. Ljóst er að þessar tillögur miða að því að koma í veg fyrir það misräemi sem felst annars vegar í aðild að UMFÍ í gegnum hérðassamband annars vegar og beinni aðild hins vegar. Hins vegar er ljóst að það er verulegur ágreiningur innan UMFÍ um þetta mál og alls óvist að bein aðild að UMFÍ verði feld niður. Í mörg ár hefur verið beðið eftir að þessi mál séu til lykta leidd en ekkert áþreifanlegt virðist vera að gerast í þessum málum. Því er nauðsynlegt að fram fari könnun á því hvaða kostir eru í þessari stöðu fyrir aðildarfélög innan UMSK. Því er þessi tillaga lögð fram um að stjóm UMSK skuli kanna alla kosti og galla á því að UMSK hætti aðild að UMFÍ en einstök aðildarfélög fái beina aðild. Stjóm UMSK hefur frjálsar hendur um það hvernig þessari vinnu verður hagað t.d. hvort stjóm annist þessa vinnu sjálf eða skipi sérstakan starfshóp til að skoða þetta mál.

Þingskjal nr. 12

79. þing UMSK haldið í Mosfellsbæ 13. febrúar 2003 beinir því til stjórnar sambandsins að nú þegar verði skipaðir ábyrgðaraðilar, nefndir eða einstaklingar til að sjá um undirbúning og þátttöku í öllum keppnisgreinum Landsmóts UMFÍ á Sauðárkróki árið 2004.

Lög Ungmennasambands Kjálarnesþings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjálarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrir en sex mánuðum eftir að sambandsstjórm hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögnum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögur með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur risa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögini senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögini kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjölmir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðis-rétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrælsi og tillögurétt:

-
- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
 - b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
 - c. Skoðunarmenn reikninga
 - d. Meðlimir fastanefnda.
 - e. Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórm boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á hérað-þingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðspings

Störf héraðspings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- 1. Þingsetning.
- 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- 3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- 5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
- 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- 7. Ávörp gesta.
- 8. Álit kjörbréfanefndar.
- 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- 10. Umræður um skýrslu stjórnar.
- 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- 12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- 13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- 14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- 15. Aðrar tillögur lagðar fram.
- 16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- 17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
- 18. Önnur mál.
- 19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórmarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
- 20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaping

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapungi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látið, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapungi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema

bráðabirgðastjórn, ef meirihlutí kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjóm sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðeitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taká gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- | | |
|-------------------------------------|------------|
| a) Samþykkt héraðsþings UMSK: | 2001-02-08 |
| b) Samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ | 2002-05-02 |

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerkir UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. **Félagsmálastkjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. **Afreksbíkar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. **Frjálsíþróttabíkar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. **Sundbíkar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. **Fimleikabíkar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári
11. **Dansbíkar UMSK**, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skarað hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iökendur innan ákveðinnar íþróttareinrar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iökendur innan viðkomandi íþróttareinrar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttareinarnarnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórm sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfraeðileg málefni sinnar íþróttareinrar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttareinrar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórm UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjómar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárvkuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspymunefnd UMSK

Reglugerð um skólahlaup UMSK

Pátttökuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnislíett í Skólahlaupi UMSK.

Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokkum. Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni tilta og stúlkna. Sex skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.fr.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Vegalengdir

4. bekkur 400 metrar
5. bekkur 400 metrar
6. bekkur 800 metrar
7. bekkur 800 metrar
8. bekkur 800 metrar
9. bekkur 1500 metrar
10. bekkur 1500 metrar

Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tilkast í útreikningum við víðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.fr. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegari.

Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði tilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur tilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu pátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgögum. Allir hijóta viðurkenningu fyrir pátttökuna.

Reglugerð um skiptingu á Lottó

15 % Renna til sambandsins

85 % Renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):

- 10 % Renna jafnt til félaga með unglingsastarf
- 20 % Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélagini miðað við íbúafjöldi þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 40 % Er skipt samkvæmt félagatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 10 % Renna í Afreksmannasjóð UMSK
- 20 % Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK.



UMSK